

Nd.

178. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er að mestu endurtekning á fyrirmælum, sem nú gilda, sbr. lög nr. 12, 9. júlí 1909, og lög nr. 80, 14. nóv. 1917, og virðist frv. aðallega fram komið til að bæta launakjör bankastjóra, bókara og fjehirðis. Er nefndin á einu máli um, að það sje sjálfsagt, og getur meiri hluti hennar fallist á ákvæði frv. um launin, en 2 nefndarmanna hafa áskilið sjer rjett til sjerstöðu í þessu atriði og munu undirrita með fyrirvara.

Eftir 4. gr. frv. er bankastjórninni heimilað að skipa sjerstakan fjehirði við sparissjóðsdeild, en bankastjórnin hefir tjáð nefndinni, að hún óski að fá breytingu á þessu á þann veg, að annar fjehirðirinn annist innborganir, en hinn útborganir, og virðist nefndinni rjett að taka þá ósk til greina. Það er nýmæli í gr. þessari, að bankastjórn megi veita einum af starfsmönnum bankans umboð til að undirrita skuldbindingar í fjarveru tveggja bankastjóra, og sjer nefndin eigi ástæðu til að leggjast á móti því.

Nefndin hefir eigi getað fallist á 8. gr. frv., um stofnun eftirlaunasjóðs fyrir starfsmenn bankans. Fyrst og fremst þykir ósamræmi í að stofna eftirlaunasjóð handa starfsmönnum bankans um leið og ætlast er til, að eftirlaun starfsmanna ríkisins yfirleitt hverfi. Og í öðru lagi sýnist mikið misrjetti í því, að bankinn leggi fram 200000 kr. til þessa sjóðs, en ríkissjóður aðeins 50000 kr. til lífeyrissjóðs fyrir alla þá, er laupa njóta samkvæmt almennum launalögum. Í

þriðja lagi virðist það fara i bága við þá stefnu, sem nú er uppi í landinu, að starfsmenn bankans leggi ekki neitt í sjóðinn. Nefndin vill því gerbreyta þessari gr., sbr. brtt. hjer á eftir, og verður þetta ítarlegar skýrt í framsögu.

Það virðist rjettast, að lög þessi gangi í gildi 1. jan. næstkomandi, en þess skal getið, að ef aðrir starfsmenn ríkisins fá uppbót á laun sín fyrir yfirstandandi ár, virðist sjálfsagt, að hið sama verði um bankastjórana, bókara og fjehirði.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir afnámi laga, sem þegar eru úr gildi fallin, og vill nefndin láta leiðrjetta þetta.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Orðin »við sparisjóðsdeild« falli burt.

2. 8. gr. orðist svo:

Stofna skal styrktarsjóð handa starfsmönnum bankans, ekkjum þeirra og ómegð, og skal bankinn leggja fram til stofnunar hans 25000 kr. í eitt skifti fyrir öll. Allir, sem fá fasta atvinnu í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu skyldir til að greiða í sjóðinn 3% af árslaunum sínum, enda öðlast þeir þá rjett til styrks úr honum eftir þeim reglum, sem þar um gilda. Sama rjett öðlast þeir, sem eru starfsmenn bankans, er lögin öðlast gildi, ef þeir greiða gjald þetta frá þeim tíma.

Ráðherra sá, er bankamál bera undir, ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum bankastjórnar, um fyrirkomulag sjóðsins, skilyrði fyrir styrkveitingu úr honum og annað, sem þar að lýtur.

Þessi grein tekur ekki til bankastjóranna.

3. Við 9. gr.

a. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

b. Orðin: »Enn fremur eru numin úr gildi«, til enda gr., falli burt.

Alþingi, 26. júlí 1919.

Magnús Guðmundsson,
form. og framsögum.

Þórarinn Jónsson,
fundaskrifari.

Einar Árnason.

H. J. Kristófersson,
með fyrirvara.

Sigurður Sigurðsson,
með fyrirvara.